

Fundargerð aðalfundar Kviku banka hf.

Þann 21. mars 2018, kl. 16:00 var aðalfundur Kviku banka hf. („félagið“) haldinn á Nauthól, Nauthólsvegi 106, 101 Reykjavík.

Stjórnarformaður félagsins, Þorsteinn Pálsson, setti fundinn og gerði tillögu um að Pétur Guðmundarson lögmaður yrði fundarstjóri. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Lilju Jensen lögmann sem fundarritara. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hlutaskrá félagsins lá fyrir á fundinum og samkvæmt henni var mætt fyrir 75,24% hluthafa, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans að öðru leyti. Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans voru.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðði starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 og ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu.
- 3) Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.
- 4) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 5) Endurskoðendur félagsins.
- 6) Starfskjarastefna félagsins.
- 7) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefnd stjórnar.
- 8) Samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl.
- 9) Önnur mál.

Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðði starfsár

Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það markverðasta sem gerðist hjá félaginu á árinu 2017.

2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 og ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur ársins 2017 verði samþykktur eins og hann er lagður fram. Stjórn leggur til að hagnaður ársins 2017 leggist við eigið fé félagsins. Vísað er til ársreikningsins varðandi nánari upplýsingar um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Í þessu felst að ekki verður greiddur út arður til hluthafa á árinu 2018.

Fundarstjóri gaf orðið laust um ársreikninginn og skýrslu stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar ársreikninginn undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hann samhljóða.

3. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að A. lið bráðabirgðaákvæðis I í samþykktum félagsins verði breytt á þann veg að hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til áskriftar að nýjum hlutum samkvæmt þeirri heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár sem ákvæðið kveður á um.

A. liður bráðabirgðaákvæðis I verði svohljóðandi:

„A. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 400.000.000¹, með áskrift nýrra hluta. Stjórn félagsins skal ákveða nafnverð nýrra hluta, gengi og greiðslukjör. Stjórn félagsins er jafnframt heimilt að ákveða að greiða megi fyrir hlutina með öðru en reiðufé. Frestur til notkunar þessarar heimildar er fimm ár og rennur út þann 15. mars 2022. Heimild þessari verður aðeins beitt með einróma ákvörðun stjórnarmanna á lögmætum stjórnarfundum. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að hinum nýju hlutum heldur ákveður stjórn hverjir geta skráð sig fyrir þeim. Stjórn félagsins getur sett nánari skilmála um tilhögun áskriftar í samræmi við ákvæði samþykpta félagsins. Hina nýju hluti má selja og veðsetja með sama hætti og eldri hluti í félaginu. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar.“

Eins og fram kemur í skýringum í samþykktum félagsins og upplýst var um í tillögum stjórnar hefur stjórn félagsins þegar nýtt hluta af heimild sinni til hlutafjárhækkunar samkvæmt A lið bráðabirgðaákvæðis I, og hækkað hlutafé um kr. 300.000.000 að nafnvirði. Eftirstöðvar heimildarinnar nema nú kr. 100.000.000 að nafnverði og samkvæmt ákvæðinu verður heimildinni ekki beitt nema með einróma ákvörðun stjórnarmanna á lögmætum stjórnarfundum.

Fundarstjóri varpaði í kjölfarið tillögu stjórnar upp á skjá til yfirferðar.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Einn hluthafi óskaði eftir nánari skýringum á tilgangi tillögunnar. Ármann Þorvaldsson, forstjóri félagsins, veitti umbeðnar skýringar.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa.

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum sem farið var með á fundinum, að undanskildum atkvæðum eins hluthafa sem fór með 3,1% hlutafjárins, en hann sat hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Fundarstjóri úrskurðaði að tillagan væri samþykkt með tilskyldum meirihluta. Veitti fundarstjóri hluthöfum kost á að gera athugasemd við þann úrskurð. Enginn kvaddi sér hljóðs.

4. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum félagsins væri stjórn skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn félagsins:

- Guðjón Reynisson, kt. 131163-3209
- Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 100372-5259
- Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230367-5079
- Inga Björg Hjaltadóttir, kt. 100270-5289
- Kristín Pétursdóttir, kt. 091165-8059

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í varastjórn félagsins:

- Kristín Guðmundsdóttir, kt. 270853-7149
- Pétur Guðmundarson, kt. 050550-2499

Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í aðalstjórn eða varastjórn félagsins innan framboðsfrest, væru þau Guðjón Reynisson, Guðmundur Örn Þórðarson, Hrönn Sveinsdóttir, Inga Björg Hjaltadóttir og Kristín Pétursdóttir rétt kjörin í aðalstjórn félagsins, og þau Kristín Guðmundsdóttir og Pétur Guðmundarson rétt kjörin í varastjórn félagsins til næsta aðalfundar félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Guðmundur Örn Þórðarson, varaformaður stjórnar félagsins, steig í pontu og flutti ávarp þar sem hann þakkaði fráfarandi stjórnarformanni félagsins, Þorsteini Pálssyni fyrir samstarfið og hans þátt í uppbyggingu félagsins.

Aðrir tóku ekki til máls.

5. Endurskoðendur félagsins

Fundarstjóri upplýsti um að á aðalfundi félagsins árið 2016 hafi Deloitte ehf. verið kosið sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins til fimm ára í samræmi við 2. mgr. 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

6. Starfskjarastefna félagsins

Á fundinum lá frammi tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og var lagt til að hún yrði samþykkt. Um umfjöllun um starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og laun forstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnar var vísað til skýringa nr. 10, 65 og 66 í ársreikningi bankans.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, fulltrúi hluthafans K2B fjárfestinga ehf., bar upp fyrirspurn varðandi starfskjarastefnuna, kaupaukakerfi og kaupréttaráætlun. Ármann Þorvaldsson, forstjóri félagsins, svaraði fyrirspurninni.

Jafnframt bar Helgi Bjarnason, forstjóri hluthafans Vátryggingafélags Íslands, upp fyrirspurn varðandi kaupaukakerfi félagsins. Ármann Þorvaldsson, forstjóri félagsins, svaraði fyrirspurninni. Áréttaði Helgi mikilvægi þess að gerð væri skilmerkileg grein fyrir kaupaukakerfi félagsins og kostnaði við það.

Að loknum umræðum bar fundarstjóri tillögu um starfskjarastefnu undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefnd stjórnar

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

„Lagt er til að þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefnd stjórnar taki breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu síðastliðið ár en hún hækkaði um 6,86% á árinu 2017. Þannig er lagt til að þóknun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 827.748,- á mánuði og annarra stjórnarmanna kr. 413.874,- á mánuði. Þá er lagt til að varamenn í stjórn fái greiddar kr. 41.386,- fyrir hvern setinn stjórnarfund. Loks er lagt til að formaður í undirnefnd stjórnar fái greiddar kr. 413.874,- á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 206.938 á mánuði.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl

Fundarstjóri vísaði undir þessum dagskrárlið til þess að skv. hlutafélagalögum væri skylt að upplýsa á aðalfundi um breytingar á hlutafjäreign og samstæðutengsl. Vísaði fundarstjóri til skýrslu stjórnar í ársreikningi sem og skýringa nr. 22, 23 og 68 þar sem finna má samantekt um hlutafjäreign í félaginu og samstæðutengsl þess, í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

9. Önnur mál

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

FUNDARGERÐ OG FUNDARSLIT


Fundargerðin var lesin upp í lok fundar.

Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:20.



Fundarstjóri



Fundarritari